



Akraneskaupstaður

Akraneskaupstaður
b.t. bæjarráðs
Stillholti 16-18
300 Akranes

Akranesi, 07.06.2019
1903317 EMG

Efni: Bæjarlistamaður Akraness 2019 - bæjarráð

Á fundi menningar- og safnanefndar sem haldinn var þann 5. júní 2019 var meðal annars fjallað um tillögur um bæjarlistamann Akraness 2019.

Menningar- og safnanefnd felur forstöðumanni að koma tilnefningunni áleiðis.

Fyrir hönd menningar- og safnanefndar,

Ella María Gunnarsdóttir,
Forstöðumaður menningar- og safnamála



Tilnefning menningar- og safnanefndar til bæjarlistamanns Akraness árið 2019m greinargerð.

Bjarni Skúli Ketilsson eða Baski eins og hann er oftast kallaður, er fæddur árið 1966 og ólst að stórum hluta upp á Akranesi. Hann lauk námi frá AKI Enschede í Hollandi árið 1998 og hefur verið búsettur þar í landi um margra ára skeið ásamt fjölskyldu sinni.

Baski, hefur verið ötull við að rifja upp gamlar minningar frá heimabænum Akranesi í gegnum málalartist sína. Hann málar mikið af eldri húsum, götum og íbúum Akraness og heldur minningum um mannlífið sem áður var á lífi. Hann heimsækir Akranes á hverju ári og heldur árlega myndlistanámskeið og sýnir verk sín.

Að telja öll verkefni Baska upp væri óðs manns æði en hér verða tiltekin tvö dæmi:

- Í bókinni Akranes, heima við hafið, sem kom út árið 2012 gefur að líta röð málverka sem myndlistarmaðurinn Baski – Bjarni Skúli Ketilsson – hefur málað og lýsir sjálfur sem „minningum á striga“. Hverri mynd fylgir stutt saga, endurminning af Akranesi, skráð samkvæmt frásögn Baska af Hollenskum rithöfund, Maria van Mierlo, sem heimsótti hann vikulega á vinnustofuna í hálf ár og fylgdist með verkunum verða til. Það er gaman að geta þess að nú í ár kom hljóðbókarútgáfa út á storytel.
- Á árinu 2017 stóð Baski fyrir gerð og uppsetningu fimm skilta sem eru staðsett við gamlar bæjartóftir í nágrenni Elínarhöfða. Á skiltunum er stuttur fróðleikur um hvert og eitt hús sem og fallett málverk eftir Baska af húsunum. Leiðin sem gengin er til að skoða skiltin hefur í daglegu tali verið kölluð *Baskagangan*.